

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Dalvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Dalvíkur.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Dalvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu, nr. 304 3. ágúst 1977, sbr. samþykktir nr. 138 27. febrúar 1979 og nr. 479 20. nóvember 1979 um breytingu á henni.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi:

Svínavatnshreppur:

Holtstaðavegur: Af Holtstaðavegi að Holti II.

Áshreppur:

Kornsárvegur: Af Vatnsdalsvegi að Kornsó.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.